

Álagning gjalda fyrir árið 2006.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 8. nóvember 2005.

- 1) Álagningarprósenta útsvars verði 13,03% af útsvarsstofni.
- 2) Álagningarprósenta fasteignagjalda verði;
A - 0,6% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
B - 1,2%, af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Lagt er til, að fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði sem aldraðir eiga og búa einir í, falli niður samkvæmt heimild í lögum. Þetta á ekki við um þjónustugjöld þ.e. vatnsgjald, holræsagjald, sorpeyðingargjald né annað húsnæði í eigu viðkomandi.
- 3) Vatnsgjald verði 0,3% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins, sbr ákv. 7. gr. laga nr. 81/1991 m.br.skv ákv. 3. gr. laga nr. 149/1995.
Hámarksálagning verði kr. 17.000.- á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fái 30% lækkun á vatnsskatti.
- 4) Álagning vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.e. sorphirðing og sorpeyðing verði kr. 9.260,- á íbúðarhús, kr. 6.823,- á sumarhús og kr. 20.471,- á lögbylí og smárekstur. Aukagjald fyrir að sækja rusl heim að húsum á Laugarvatni verði kr. 9.631,- innheimtist með fasteignagjöldum.
- 5) Holræsagjald vegna kostnaðar við fráveitukerfi/seyrulosun í Bláskógabyggð verði kr. 4.500 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða tengt viðurkenndu fráveitukerfi.
- 6) Lóðarleiga 0,7% af lóðarmati.

Gjöld liða 2, 3, 4, 5 og 6 verði innheimt með 5 gjalddögum mánaðarlega frá 15. febrúar 2005. Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.

Reykholti, þann 8. nóvember 2005.

Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Bláskógabyggðar